



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á háskóladegi  
16. mars 1997**

Heiðruðu hátíðargestir.

Stofnun háskóla á Íslandi var baráttuefni í sjálfstæðishreyfingu þjóðarinnar á síðustu öld. Víða að bærust bænarskrár þar sem bændur gerðu kröfuna um háskóla að brýnu hagsmunamáli.

Það voru ekki aðeins menntaðir leiðtogar þjóðfrelsis-baráttunnar, hálærðir í Kaupmannahöfn, sem áttu sér draum um æðstu menntastofnun Íslendinga sjálfra. Þjóðin öll sá í Háskóla Íslands sigurtákn sjálfstæðis og framfarataeki í sókn til betra mannlífs.

Helstu breytingarskeið í þróun íslensks þjóðfélagsáa þessari öld hafa ætíð tengst áföngum í vexti og viðgangi háskólans.

Þegar atvinnulíf gerðist fjölþættara og framkvæmdir urðu stórvirkari um miðbik aldarinnar tóku fræði viðskipta og verklegrar kunnáttu að deila daglegri önn með menntastarfi sem í árdaga tók fyrst og fremst mið af starfspörf ríkis og kirkju.

Þegar umrót þjóðfélagsgerðarinnar varð að daglegum viðburðum fyrir aldarfjórðungi eða svo hófst vaxtarskeið þeirra fræða sem hafa manninn sjálfan og samfélag hans að viðfangsefni. Og um leið breikkaði jafnt og þétt jarðvegur margvíslegra vísinda sem helguð eru undrum náttúru og efnisheims.

Háskóli Íslands hefur á fáeinum áratugum breyst úr hefðbundinni menntastofnun, sem í raun bar sterkt svipmót fyrri aldar, í fjölþættan nýsköpunarvettvang fræða, þekkingar og hæfni; vettvang sem endurspeglar þá kviku sem nú mótar samfélag okkar allt, atvinnulíf og samskipti við aðrar þjóðir.

Þegar við nú horfum fram á veg og margir velta fyrir sér getu háskólans til að halda sjó í öldugangi alþjóðlegrar samkeppni, þá er hollt að hafa í huga árangur liðinnar tíðar. Í raun líkist hann einna helst kraftaverki séu bornir saman fjölbreytileiki nútímans og hinn fábrotni starfsvettvangur háskólans á fyrri tíð.

Við sem komum að skólanum frá erlendum menntastofnunum til að hefja ung að árum kennslu í nýjum fræðigreinum og fundum hvorki bækur né tímarit í bókasafni, fengum hvorki stól né borð til daglegrar vinnu og var bara sagt að mæta til fyrirlestra tvisvar í viku, erum líklega bestu vitnin um þær breytingar sem hér hafa orðið, tilbúin að staðfesta þann sóknarkraft sem býr í nemendum og fræðimönnum við Háskóla Íslands.

Á þessum degi er líklega óþarfi að ítreka þau sannindi sem nú eru viðurkennd um veröld víða að hagsæld þjóða á nýrri öld muni fyrst og fremst ráðast af gæðum menntunar, hæfni og kunnáttu þeirra nýju kynslóða sem koma á vinnumarkað og getu okkar hinna sem þar eru nú til að endurmenntast á ný.

Áður fyrr voru það námur gulls og silfurs og síðar auðlindir orku og olíu sem réðu úrslitum um auðlegð þjóða. Nú hafa háskólar og aðrar menntastofnanir tekið við þessu hlutverki. Menntun og mannauður munu ráða úrslitum á samkeppnisvelli líf skjara og heimsviðskipta, ekki aðeins á komandi öld heldur einnig nú á okkar tíð.

Hugsun okkar, venjur og efnistöð í umræðum og ákvörðunum á vettvangi þjóðmála og stjórnkerfis hafa þó ekki í raun og veru tekið mið af þessum mikilvægu sannindum. Við tölum enn eins og virkjanir, stóriðja og fiskistofnar muni ráða mestu um hagsæld þjóðarinnar á nýrri öld þótt niðurstöður allra fræðirannsókna sýni annað. Kjarni frelsis er að í efnahagslífi samtíðar og framtíðar sé það menntunin sem ræður úrslitum. Slíkt er eðliseinkenni þeirrar byltingar í samskiptum og viðskiptalífi sem nú hefur fært allar þjóðir heims á braut alþjóðavæðingar atvinnulífs og þjóðfélags.

Danir og Hollendingar hafa skipað sér í fremstu röð Evrópubúa í að skila árangri við að bæta líf skjör og styrkja atvinnulíf. Japanir eru tákni um efnahagsundrið í Asíu. Sameinginlegt er þeim öllum - Dönnum, Hollendingum og Japönnum - að helsta auðlind þeirra er fólkið sjálft, menntun þess og hæfni.

Það er brýnt að á vettvangi íslenskrar þjóðmálaumræðu skapist sem fyrst raunverulegur skilningur á því að menntun er okkur Íslendingum

dýrmætari í lífskjarasókn nýrrar tíðar en nokkuð annað. Sá skilningur verður síðan að endurspeglast í ákvörðunum stjórnkerfis og fyrirtækja um bæði fjármögnun og fjárfestingu. Annars er hætta á að við munum smátt og smátt dragast aftur úr öðrum þjóðum og unga fólkið einfaldlega kjósa að gera önnur lönd að bústað sínum.

Dagskrá háskóladags nú er mikilvægt framlag til að skapa slíkan skilning. Kynningar á rannsóknarstarfi og fyrirlestrar á mörgum fræðasviðum sýna þann sköpunarmátt sem býr í Háskóla Íslands, sköpunarmátt sem staðfestir að skólinn er reiðubúinn að leiða þjóðina til móts við nýja tíma.

Ég óska ykkur til hamingju með hskóladaginn.